

Mánudaginn 2. apríl 1990.

Nr. 134/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Lee Reyni Freer.

Kærumál. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Verjandi ákærða hefur samkvæmt heimild í 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur frá 23. mars 1990, þar sem synjað var kröfu um, að ákærði gangist undir geðrannsókn. Krefst verjandinn þess, að úrskurðinum verði hrundið. Hvorki ríkissaksóknari né verjandi hafa skilað greinargerð til Hæstaréttar.

Héraðsdómarinn telur þess ekki þörf, að ákærði gangist undir geðrannsókn vegna máls þessa. Ekki hefur verið bent á neitt því til styrktar, að raska beri því mati. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. mars 1990.

Ár 1990, föstudaginn 23. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómarara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í gær lagði verjandi ákærða, Lee Reynis Freer, Svala Thorlacius hrl., fram þá kröfu fyrir hönd ákærða, að hann yrði látinn sæta geðheilbrigðisrannsókn, áður en mál þetta er tekið til dóms.

Ákærði gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn árið 1977. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar telst ákærði sakhæfur. Í niðurstöðunni segir m.a., að ákærði sé ekki vangefinn, heldur tornæmur. Hann sé ekki haldinn geðveiki, heldur miklum skapgerðar- og persónuleikagöllum, sem flokkist undir geðvillu. Persónuleiki hans einkennist fyrst og fremst af vanþroska og lélegri stjórn á tilfinningum, og hvatræn útrás verði stjórnlítill og afbrigðileg. Þá segir enn fremur, að horfur á geðlæknismeðferð með vistun

á sjúkrahúsum megi telja vonlausa, enda hafi hann gengist undir slíka meðferð tvívegis á geðsjúkrahúsum og verið til meðferðar hjá sálfræðingi án sýnilegs árangurs.

Ákærði hefur hlotið 16 refsidóma, eftir að framangreind geðrannsókn á honum fór fram, og þótti í engum þeirra tilvika ástæða til að efast um sakhæfi hans.

Að mati dómsins hefur ekkert það komið fram, sem bendir til þess, að nú sé þörf geðrannsóknar á ákærða.

Með vísan til framangreinds er kröfu verjandans hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu um, að Lee Reynir Freer gangist undir geðrannsókn í máli þessu.
